

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Lög nr. 40/1998, um breyting á lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., tóku gildi 1. ágúst 1998. Menntamálaráðherra skipaði nýja örnefnanefnd frá sama tíma til 31. júlí 2002.

Nefndin er þannig skipuð:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: Stefán Karlsson.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfisráðuneyti.

Varamaður: Hrafn Hallgrímsson.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: Gunnlaugur Ingólfsson.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi:

Þórhallur Vilmundarson. Til vara: Guðrún Kvaran.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kaптúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

Á heimasíðu örnefnanefndar (www.ismal.hi.is/ornefnanefnd.html) má finna lög og reglugerð um störf nefndarinnar, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur, meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru 10 fundir í örnefnanefnd árið 2001.

Nöfn býla

Skrá um nöfn á býlum, sem tekin voru upp árið 2001, er fylgiskjal með þessari ársskýrslu.

Árið 2001 bárust örnefnanefnd formlegar tilkynningar um nöfn 18 býla. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 15 tilkynningar um ný nöfn sendar þinglýsingarstjórum en þremur erindum var vísað frá.

Nefndin afgreiddi á árinu sex formleg erindi um nafnbreytingar á býlum. Fallist var á tvær nafnbreytingar, þremur var hafnað og einu erindi var vísað frá.

Nefndinni barst á árinu ein beiðni um úrskurð um rétt nafn býlis þar sem ágreiningur hafði risið. Nefndin taldi sér ekki fært að úrskurða um lögmati nafnskráningarinnar og var erindið sent Fasteignamati ríkisins.

Nefndin veitti eina umsögn um beygingu bæjarnafns að beiðni ábúanda.

Ritháttur bæjanafna

Örnefnanefnd óskaði, með bréfi dags. 3. maí 2001, eftir álitni Íslenskrar málnefndar á eftirfarandi drögum að meginreglu um ritun bæjanafna í tilvikum þar sem núgildandi reglur hafa reynst ófullnægjandi:

„Ef talið er ljóst að nafnhlutar hafi stöðu sérnafna – enda þótt þeir samsvari jafnframt samnöfnum – er heimilt að rita bæjanöfn eins og gert er í b-lið 7. gr. gildandi auglýsingar um stafsetningu.

Greinargerð og skýringar: Einkum er um að ræða nöfn með aðgreiningarforliði á borð við Litli-, Stóri-, Austur-, Vestur-, Fremri-, Ytri- o.s.frv. Stundum háttar þannig til að upphafleg jörð skiptist og nýbýlin draga nafn sitt af heiti (sérnafni) upphaflegu jarðarinnar. Dæmi: háls í landslagi verður upphaflega til þess að býli er nefnt Háls. Úr landi Háls rísa tvö nýbýli. Býlið utan við Háls kallast Ytri-Háls og býlið framan við Háls fær nafnið Fremri-Háls. Ljóst má vera að þessi nöfn eru dregin af bæjarnafninu (sérnafninu) Háls en ekki af samnafninu háls. Úr því að ljóst er að nafnhlutinn Háls í Ytri-Háls og Fremri-Háls hefur stöðu sérnafns verði því heimilt að rita nöfnin svo sem hér er gert (í stað þess að gert sé að skyldu að rita Fremriháls og Ytriháls).“

Stjórn Íslenskrar málnefndar féllst fyrir sitt leyti á ofangreinda tillögu að meginreglu og taldi þessa útfærslu örnefnanefndar á gildandi ritreglum eðlilega.

Ágreiningur um örnefni innan sveitarfélags

Árið 2001 barst nefndinni til umfjöllunar ein kvörtun um götunafn í kaupúni.

Nafn sveitarfélags

Árið 2001 veitti örnefnanefnd umsögn um nýtt nafn eins sveitarfélags.

Valdsvið örnefnanefndar samkvæmt 8. gr. laga nr. 42/1903, með síðari breytingum, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð

Árið 2001 barst örnefnanefnd erindi frá umboðsmanni Alþingis, dags. 22. maí 2001, þar sem þess er óskað að örnefnanefnd skýri valdsvið sitt samkvæmt 8. gr. laga nr. 42/1903 og þá sérstaklega hvort nefndin telji að sér sé aðeins heimilt að taka afstöðu til málfarslegra atriða vegna nafna sem deilt er um eða hvort hún telur valdsvið sitt viðtækara að einhverju leyti. Í svari örnefnanefndar, dags. 15. júní 2001, segir m.a. að skilningur nefndarinnar á hlutverki sínu skv. 8. gr. laga nr. 42/1903 sé sá að það sé einungis að skera úr um ágreining sem tekur til málfarslegra atriða.

Tilnefning fulltrúa í Íslenska málnefnd

Að ósk menntamálaráðuneytis tilnefndi örnefnanefnd fyrir sitt leyti, með bréfi dags. 11. desember 2001, Svavar Sigmundsson, forstöðumann Örnefnastofnunar Íslands, sem aðalmanng og Sigurborgu Hilmarsdóttur, safnkennara við Þjóðminjasafn Íslands, sem varamann til setu í Íslenskri málnefnd um fjögurra ára skeið frá 1. janúar 2002.

Lyngási 7, Garðabæ
10. janúar 2002

ÖRNEFNANEFND
Ari Páll Kristinsson
formaður

Fylgiskjal:

Skrá um nöfn á býlum sem tekin voru upp árið 2001, sbr. 8. gr. laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, og reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Brúarás. Úr landi Hallgilsstaða í Þórshafnarhreppi.
Dalbær. Sameinuð jörð Haugs og Dalbæjar í Gaulverjabæjarhreppi.
Höfðatún. Úr landi Vatnsenda í Villingaholtshreppi.
Ljarkot. Úr landi Hröðnýjarstaða í Dalabyggð.
Lækjarfell. Úr landi Ystafells III í Ljósavatnshreppi.
Sakka II. Úr landi Ölduhryggjar í Svarfaðardal.
Sandfell. Úr landi Sandfellshaga II í Öxarfirði.
Skálabrekka II. Úr landi Skálabrekku í Þingvallahreppi.
Skógarsel. Úr landi Auðsstaða í Borgarfjarðarsveit.
Skógarsel. Úr landi Holtssels í Eyjafjarðarsveit.
Sólbrekka. Í Reykholtshverfi í Biskupstungum.
Stekkjarkóll. Úr landi Heysholts í Holta- og Landsveit.
Strandarbakki. Úr landi Strandar í Vestur-Landeyjahreppi.
Tangi. Úr landi Vatnsenda í Villingaholtshreppi.
Vindás. Úr landi Litla-Saurbæjar í Ölfusi.
Ytra-Lón. Sameinuð jörð Efra-Lóns og Ytra-Lóns í Þórshafnarhreppi.
Þórufell. Úr landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi.